

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 2019 í máli nr. E-40/2018:

Valbjörg ehf.

(Skúli Sveinsson lögmaður)

gegn

G16 ehf. og Aza ehf.

(Tryggvi Agnarsson lögmaður)

1. Mál þetta var höfðað 5. janúar 2018 og tekið til dóms 7. maí 2019. Stefnandi er Valbjörg ehf., Ármúla 15 í Reykjavík. Stefnu eru G16 ehf., Síðumúla 27 í Reykjavík, og Aza ehf., Huldubraut 30 í Kópavogi.
2. Stefnandi krefst þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 18.412.098 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 7.734.453 krónum frá 20. júlí 2017 til 24. ágúst 2017 en af 11.138.020 krónum frá 24. ágúst 2017 til 13. september 2017 en af 15.825.567 krónum frá 13. september 2017 til 27. september 2017 og af 18.412.098 krónum frá 27. september 2017 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum þann 1. ágúst 2017, 3.000.000 króna, og þann 1. september 2017, 3.403.567 krónur, og 1.689.300 krónur í málskostnað. Stefnu krefjast þess að verða sýknaðir af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati réttarins. Stefnu kröfðust í öndverðu frávísunar málsins en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 15. maí 2018.
3. Stefnandi rekur starfsmannaleigu. Þann 4. apríl 2017 gerðu stefnandi og stefndi, G16 ehf., sem er verktakafyrirtæki, með sér samning um að stefndi tæki á leigu starfsmenn frá stefnanda. Starfsmenn stefnanda hófu störf í þágu stefnda skömmu síðar en er kom að því að stefnandi gerði fyrsta reikninginn vegna samningsins á stefnda, G16 ehf., bar svo við að stefndi, Aza ehf., greiddi reikninginn. Skömmu síðar kom fram beiðni frá bókara stefndu um að fyrsti reikningurinn yrði bakfærður og gefinn út nýr reikningur á Aza ehf. og að framvegis yrðu reikningar vegna samningsins gerðir á það fyrirtæki. Ekki var þó gerður nýr leigusamningur. Ástæðan mun hafa verið sú að upphaflega hafi staðið til að starfsmennirnir yrðu nýttir til verka fyrir G16 ehf. en að upphaf þeirra verka hafi dregist. Fyrirsvarsmaður og eigandi G16 ehf. hafi því ákveðið að nýta

starfsmennina í öðru verki sem annað félag í hans eigu, Aza ehf., hafi unnið að. Svo virðist sem litlar eða engar athugasemdir hafi verið gerðar við framkvæmd samnings aðila um sumarið 2017 fyrr en í ágústmánuði að farið var að bera á verulegum vanskilum hjá stefndu vegna reikninga frá stefnanda. Einhverjar viðræður fóru fram milli fyrirsvarsmanna stefnanda og stefndu um stöðu mála þar sem munu hafa komið fram umkvartanir stefndu út af frammistöðu starfsmanna stefnanda en engar formlegar kvartanir bárust. Svo fór að stefnandi lét loks starfsmenn sína hætta að vinna í þágu stefndu vegna vanskila á reikningum 21. september 2017.

4. Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu á samningi sínum við G16 ehf., um leigu starfsmanna. Stefnandi byggir á meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir fjárskuldbindinga, samanber einnig 45., 47. og 51. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Stefnandi byggir einnig á því að stefndi, G16 ehf., sé ábyrgur fyrir efndum samnings aðila þó að stefnandi hafi fallist á að gera reikninga á Aza ehf. samkvæmt beiðni fyrirsvarsmanns stefndu enda hafi enginn nýr samningur verið gerður vegna þessa. Þá hafi upphaflega samningsgerðin miðast við gjaldfærni og stöðu G16 ehf. en ekki Aza ehf., og það fyrirkomulag að breyta um nafn á reikningum stefnanda samkvæmt beiðni stefndu hafi ekki áhrif á skuldbindingu stefnda G16 ehf. samkvæmt samningum. Stefnandi telur að engin gild efnisleg mótmæli hafi nokkru sinni komið fram gegn reikningum hans og að stefndu hafi sannanlega nýtt sér þjónustu starfsmanna stefnanda, þar til stefnandi stöðvaði vinnu í þágu stefndu, en neiti nú hins vegar að greiða fyrir vinnuna.
5. Stefndi, Aza ehf., byggir sýknukröfu sína á því að hæfni og gæði vinnu starfsmanna stefnanda hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem stefndi mátti vænta og að reikningar stefnanda séu rangir og ótrúverðugir og byggist á röngum og óstaðfestum tímaskýrslum. Stefndi, G16 ehf., krefst sýknu á grundvelli aðildarskorts með því að stefndi, G16 ehf., hafi engin viðskipti átt við stefnanda en til vara á sömu málsástæðum og á er byggt af hálfu stefnda, Aza ehf.
6. Samkvæmt samningi stefnanda við stefnda, G16 ehf., sem réttarstaða aðila er byggð á, þar leigutaka að senda stefnanda vikulega vinnuskýrslu með vinnustundum starfsmanna. Tekið var fram að bærust ekki vinnuskýrslur á réttum tíma yrði reikningur byggður á upplýsingum um tímaskráningu frá

starfsmönnum. Þá bar leigutaka að gera upp leigugjaldið á tveggja vikna fresti. Í samningnum er einnig mælt fyrir um að uppfylli starfsmaður ekki þær kröfur sem leigutaki geri, og óski hann að láta starfsmann hætta af þeim sökum, skuli stefnanda tilkynnt um þá afstöðu og stefnandi skuli þá hafa tækifæri til þess að bæta úr með nýjum starfsmanni. Óumdeilt er í málinu að stefndu sendu aldrei tímaskýrslur til stefnanda. Stefnandi aflaði tímaskýrslna frá starfsmönnunum og lagði þær til grundvallar launaútreikningi þeirra, greiddi þeim launin og gaf út reikninga til stefnda, Aza ehf., fyrir launagreiðslunum. Alls stendur ágreiningur aðila útaf fjórum ógreiddum reikningum sem stefndi, Aza ehf., hafði þó greitt inn á.

7. Með vísan til samnings aðila telur dómurinn ljóst að stefnanda hafi verið heimilt að byggja greiðslur til starfsmanna á tímaskráningu starfsmannanna með þeim hætti sem hann gerði. Þá hefur engin grein verið gerð fyrir því af hálfu stefndu að hvaða leyti tímaskýrslur stefnanda séu rangar eins og haldið er fram. Samkvæmt 14. gr. í samningi aðila bar stefndu að tilkynna stefnanda ef starfsmaður uppfyllti ekki þær kröfur sem stefndi gerði til starfsmanna. Skyldi stefnandi þá hafa tækifæri til þess að bæta úr með nýjum starfsmanni. Engar upplýsingar eða gögn liggja fyrir um að stefndu hafi gert athugasemdir varðandi starfsmennina eða kvartað við stefnanda vegna starfa þeirra með formlegum hætti. Stefndu tóku við starfsmönnunum án athugasemda og störfuðu þeir í þeirra þágu til 21. september 2017, þegar stefnandi stöðvaði þjónustu þeirra vegna vanefnda stefndu. Samkvæmt þessu telur dómurinn að stefndu hafi glatað rétti til að hafa uppi mótbárur sem lúta að því að þeir starfsmenn sem stefnandi útvegaði hafi ekki fullnægt þeim kröfum sem áskildar voru. Þá telur dómurinn að með því að fallast á beiðni stefnda, G16 ehf., um að reikningar yrðu gerðir á Aza ehf. hafi stefnandi ekki glatað rétti til að halda upp á stefnda, G16 ehf., kröfu um efndir samnings aðila, enda ljóst að tilurð samningsins var byggð á mati stefnanda á greiðsluhæfi G16 ehf. en ekki Aza ehf. Samkvæmt framansögðu er fallist á allar dómkröfur stefnanda. Eftir úrslitum málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað eins og greinir í dómsorði. Af hálfu stefnanda flutti málið Skúli Sveinsson lögmaður. Af hálfu stefndu flutti málið Tryggvi Agnarsson lögmaður. Málið dæmdi Ástráður Haraldsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, G16 ehf. og Aza ehf., in solidum, greiði stefnanda, Valbjörgu ehf., 18.412.098 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 7.734.453 krónum frá 20. júlí 2017 til 24. ágúst 2017 en af 11.138.020 krónum frá 24. ágúst 2017 til 13. september 2017 en af 15.825.567 krónum frá 13. september 2017 til 27. september 2017 og af 18.412.098 krónum frá 27. september 2017 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum þann 1. ágúst 2017, 3.000.000, króna og þann 1. september 2017, 3.403.567 krónur. Stefndu greiði stefnanda 1.689.300 krónur í málskostnað.

Ástráður Haraldsson